

Mánudaginn 28. apríl 1980.

Nr. 167/1977. **Sigurður og Júlíus h/f**  
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)

gegn

**Jóni M. Bjarnasyni og**

**Kristni Einarssyni**

og gagnsök

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Verksamningar. Tilboð undirverktaka. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. september 1977. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 28. september 1977. Þeir krefjast þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 1.152.680 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. október 1975 til 15. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt 1. gr. laga nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða þeim 842.358 krónur auk vaxta og málskostnaðar, eins og greinir í aðalkröfu. Til þrautavara krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeim breytingum, að dómvextir verði dæmdir frá 15. júní 1979 til greiðsludags. Enn fremur krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Lækkun sú, sem gagnáfrýjendur hafa gert á aðalkröfu sinni fyrir Hæstarétti, leiðir af því, að í tilboði þeirra var meðtalinn liður að fjárhæð 378.320 krónur, er þeir nefndu „ýmis tæki“. Kveða gagnáfrýjendur tilboðsfjárhæð sína hafa átt að lækka sem þessum lið nemur, þar sem honum hafi verið ofaukið. Gagnáfrýjendur hafa einnig lækkað varakröfu sína frá því, sem var í héraði, og sundurliða hana nú þannig:

17% álagning vegna seldrar vinnu	(2.348.466 kr.)	341.231 kr.
25% álagning vegna selds efnis	(1.383.062 —)	276.617 —
10% álagning vegna selds efnis	(2.007.614 —)	182.510 —
Kostnaður við útboðsgerð		42.000 —

---

(5.739.142 kr.) 842.358 kr.

Lækkunin stafar af því, að álagningin er innifalin í tilboðs-tölunum, en bætist ekki við þær, og eru málsaðiljar sammála um ofangreindan útreikning.

Þegar aðaláfrýjandi leitaði eftir tilboði frá gagnáfrýjand-anum Jóni M. Bjarnasyni, hlaut honum að vera ljóst vegna þekkingar sinnar á byggingarmálefnum og reynslu sinnar sem verktaki, að Jón gæti ekki boðið í og unnið verkið nema í samstarfi við rafvirkjameistara, sem hlotið hefði löggild-ingu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Með þess-ari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöður hans um bóta-skyldu aðaláfrýjanda, og þykja bætur hæfilega metnar 600.000 krónur.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum 600.000 krónur með 13% árs-vöxtum frá 1. október 1975 til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxt-um frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu inn-lánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 350.000 krónur samtals.

#### D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Sigurður og Júlíus h/f, greiði gagn-áfrýjendum, Jóni M. Bjarnasyni og Kristni Einarssyni, 600.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. október 1975 til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1.

desember 1979 og 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 350.000 krónur samtals.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### S é r a t k v æ ð i

#### Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Í tilboði gagnáfrýjenda er tekið fram, að jarðvinna sé ekki innifalin, raforkunotkun sé ekki innifalin og heimtaugar séu ekki innifaldar. Í útboðslýsingu þeirri á rafmagnsvinnu, sem tilboð áttu að fara eftir, voru ákvæði um öll þessi atriði. Framangreindir fyrirvarar í tilboði gagnáfrýjenda voru þess eðlis, að samningur samkvæmt þeim skilmálum, sem aðaláfrýjanda voru settir af verkkaupa, gat ekki komist á samkvæmt tilboðinu með einföldu samþykki aðaláfrýjanda, heldur þurfti aðaláfrýjandi að taka afstöðu til fyrirvaranna. Voru því ekki skilyrði til þess, að ákvæði Íslensks staðals nr. 30,11,3 yrði beitt. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjenda í málinu bæði í aðalsök og gagnsök.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

### D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Sigurður og Júlíus h/f, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjenda, Jóns M. Bjarnasonar og Kristins Einarssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

**Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 29. júní 1977.**

### I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. f. m., hafa Jón M. Bjarna-

son, löggiltur rafvirkjameistari, Prastarhrauni 3, Hafnarfirði, og Kristinn Einarsson, löggiltur rafvirkjameistari, Björk, Seltjarnarnesi, höfðað fyrir dóminum hinn 23. mars 1976 á hendur Sigurði og Júlíusi h/f, Hafnarfirði.

Stefnendur gera þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða stefnendum í skaðabætur kr. 1.531.000 með 13% ársvöxtum frá 1. október 1976 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins, en til vara, að stefnda verði dæmt að greiða stefnendum í skaðabætur kr. 983.577 með 13% ársvöxtum frá 1. október 1975 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

## II.

Hið stefnda félag, Sigurður og Júlíus h/f, er verktakafyrirtæki á sviði byggingariðnaðar. Sumarið 1975 bauð Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar út, þ. e. leitaði tilboða í byggingu bækistöðvar fyrir vinnuflokka Hitaveitu Reykjavíkur, og skyldi húsið rísa á lóðinni nr. 1 við Grensásveg í Reykjavík.

Tilboð voru opnuð þriðjudaginn 5. ágúst 1975, kl. 1100 f. h., og var tilboði stefnda, að fjárhæð kr. 68.989.000, tekið.

Einn þáttur umrædds verks, þ. e. húsbyggingarinnar við Grensásveg, var raflagnir og annar rafbúnaður. Leitaði framkvæmdastjóri stefnda, Sigurður Sigurjónsson, óformlega til stefnanda Jóns M. Bjarnasonar, nokkru áður en tilboðsfrestur rann út, og skilaði hann inn tilboði fyrir sína hönd og stefnanda Kristins, að fjárhæð kr. 6.531.142, í rafmagnspáttinn þannig sundurliðuðu:

Raflögn og fjarskiptalögn:

Lampar með tilheyrandi búnaði .. kr. 5.739.142.

Lagnir og annað ..... — 792.000.

---

Kr. 6.531.142.

Í tilboði aðalverktaka, sem tekið var, var rafmagnspátturinn þannig sundurliðaður:

Raflögn og fjarskiptalögn:

Lampar með tilheyrandi búnaði .. kr. 5.739.000.

Lagnir og annað ..... — 792.000.

---

Kr. 6.531.000.

Nokkru eftir að stefndi hafði fengið verkið, hringdi framkvæmdastjóri stefnda í stefnanda Jón og sagði honum, að því er Jón telur, að tilboð hans hefði verið of hátt. Annar rafverk-

taki, Guðmundur Bertelsson, varð síðan undirverktaki og annað-ist umræddan verkþátt.

Málssókn þessa byggja stefnendur einkum á því, að þar sem stefndu hafi notað tölur úr undirverktakatilboði stefnenda í aðalverktakatilboð sitt, sem tekið var, þá hafi samkvæmt tilteknum ákvæðum í Íslenskum staðli, ÍST 30, verið kominn á bindandi samningur milli málsaðilja, enda hafi ÍST 30 verið hluti af útboðsgögnum og bindandi í lögskiptum aðilja. Stefndi sé því bótaskyldur vegna samningsrofa.

Aðalkrafa stefnenda, kr. 1.531.000, er þannig fundin, að stefnendur halda því fram, að Guðmundur Bertelsson hafi í raun tekið að sér verkið fyrir kr. 5.000.000. Tilboð hans, sem fram hefur verið lagt í málinu, sé síðari tíma tilbúningur. Telja stefnendur, að stefndi hafi með samningsrofum haft af þeim mismuninn á tilboði þeirra og tilboði Guðmundar og eigi stefndi að bæta stefnendum þá fjárhæð. Varakröfu sína, kr. 983.597, byggja stefnendur á þeirri álagningu, er þeir telja sig hafa reiknað af seldri vinnu og efni í tilboði sínu til stefnda.

Aðalvarnarástæða stefnda er sú, að hann hafi ekki notað tölur úr tilboði stefnenda, heldur hafi hann notað tölur úr tilboði Guðmundar Bertelssonar, þess er verkþáttinn síðan framkvæmdi. Bæði tilboðin hafi legið fyrir, er stefndi gekk frá tilboði sínu. Stefndi hafi síðan tilkynnt stefnendum án ástæðulauss dráttar, að tilboði þeirra væri hafnað. Þá hafi stefnendur ekki fullnægt lögmetum skilyrðum um rafverktakaleyfi og tilboð þeirra verið háð fleiri annmörkum.

### III.

Íslenskur staðall, ÍST 30, er gerður var að tilhlutan Iðnaðar-málastofnunar Íslands í apríl 1969, inniheldur almenna útboðs- og samningsskilmála um verktakaframkvæmdir. Helstu samtök og stofnanir á sviði verktakaframkvæmda í byggingariðnaði áttu aðild að lokafrágangi staðalsins og mæltu með notkun hans, þ. á m. Meistarasamband byggingamanna, Landssamband iðnaðarmanna og Verktakasamband Íslands. Í útboði Innkaupastofnunar Reykjavíkur á umræddu verki er þess getið, að ÍST 30 sé eitt útboðsgagna. Í málflutningi hefur verið á því byggt af hálfu beggja málsaðilja, að ákvæði ÍST 30 séu gildandi í lögskiptum þeirra, þeim er mál þetta fjallar um. Í 3. lið 11. gr. umrædds staðals segir:

„Nú hefur bjóðandi fengið tilboð frá undirverktaka í hluta verks, sem boðið hefur verið út, og bjóðandi notar þessa tilboðs-

fjárhæð sem hluta af tilboði sínu til verkkaupa, og telst þá verk-samningur gerður milli bjóðanda og undirverktaka, þess efnis, er í tilboði undirverktakans greinir, að því tilskildu, að tilboði bjóðanda verði tekið og verkkaupi samþykki undirverktann, sbr. 12.1.“

## IV.

Í samræmi við það, hvernig mál þetta er lagt fyrir, þá hefur rannsókn þess mjög beinst að því að upplýsa um atvik að tilboðsgerð umræddra rafverktaka og þá jafnframt, hvaðan tölur þær um rafmagn, sem stefndi notaði í tilboð sitt, séu fengnar.

Framkvæmdastjóri stefnda, Sigurður Sigurjónsson, sem sá um tilboðsgerðina af hálfu fyrirtækis síns, hélt því fram við aðiljayfirheyrslu, að bæði tilboðin, tilboð stefnenda og tilboð Guðmundar, hefðu legið fyrir, þegar hann gekk frá tilboði aðalverktaka.

Í II. kafla hér að framan er því lýst, hvernig tilboð stefnenda var sundurliðað, þ. e. lampar með tilheyrandi búnaði kr. 5.739.142 og lagnir og annað kr. 792.000, samtals kr. 6.531.142, og að sömu tölur voru færðar í aðaltilboð stefnda, þó þannig, að þar stendur talan á heilu þúsundi. Framkvæmdastjórinn, Sigurður, bar, að í tilboði Guðmundar hefði ekki verið að finna sambærilega sundurliðun, heldur einvörðungu heildartöluna kr. 6.531.000. Um þetta var m. a. bókað eftir framkvæmdastjóranum Sigurði:

„Hann ítrekar þá yfirlýsingu sína, að tilboð Guðmundar hafi verið sundurliðað, „það var bara þetta hérna, engin frekari sundurliðun“, segir mætti og bendir á dskj. nr. 11. „Við vorum bara búnir að ræða þetta.“

Spurningu um það, hvort tilboð stefnenda á dskj. nr. 5 hafi verið notað í tilboði stefnda á dskj. nr. 4, svarar mætti nú þannig: „Ég hafði náttúrlega báðar tölurnar, þegar ég gekk frá okkar tilboði“, þ. e. bæði frá Jóni og Guðmundi.

„Það má náttúrlega segja, að það sé viðmiðun frá Jóni þessi sundurliðun“.

Mætti heldur þó fast við, að talan í tilboði Guðmundar, kr. 6.531.000, hafi legið fyrir í hádeginu hinn 5. ágúst, hún sé ekki fundin á grundvelli tilboðs stefnenda.“

Um dagsetningar athugast eftirfarandi:

Árið 1975 bar 4. ágúst upp á mánudag, frídag verslunarmanna. Tilboð aðalverktaka, stefnda, er dagset 5. ágúst 1975, en stefndi taldi sig við aðiljayfirheyrslu hafa afhent það hinn 6. ágúst, tilboðsfrestur hefði miðast við þann dag.

Skrifstofustjóri Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar, Kjartan Trausti Sigurðsson, hefur fyrir dóminum upplýst og sýnt gerðabók Innkaupastofnunarinnar því til staðfestu, að tilboðsfrestur hafi verið til þriðjudagsins 5. ágúst og tilboðin hafi verið opnuð kl. 1100 f. h. þann dag.

Aðiljar eru sammála um, að nokkru áður en tilboðsfrestur rann út, hafi Sigurður bent Jóni á að gera tilboð í verkið. Jón heldur því fram, að hann hafi fengið tilboðsgögn hjá Sigurði, en Sigurður neitar því.

Jón heldur því fram, að hann hafi boðsent tilboð sitt til Sigurðar seinni part dags mánudaginn 4. ágúst. Sigurður heldur því fram, að það hafi verið 5. ágúst, sem hann fékk tilboð Jóns. Sigurður og Guðmundur Bertelsson eru sammála um, að í hádeginu hinn 4. ágúst hafi þeir ræðst við í síma, Guðmundur síðan náð í útboðsgögn til Sigurðar og lagt síðan inn tilboð sitt í hádeginu hinn 5. ágúst. Er Guðmundur var spurður, hversu lengi hann hefði verið að reikna út tilboð sitt, svaraði hann: „Ætli það hafi ekki farið svona einn dagur í þetta. Ég hringdi út verð.“

Lögmaður stefnenda hefur lagt fram í málinu ítarlegan útreikning ákvæðisvinnunefndar Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík og Félags íslenskra rafvirkja á umræddu verki, dagsettan 23. júlí 1975.

Jón M. Bjarnason bar, að hann hefði haft umrædda útreikninga (dskj. nr. 16) í höndum, er hann vann að gerð tilboðs síns. Guðmundur Bertelsson bar, að hann hefði ekki haft umrædda útreikninga í höndum. Er hann var spurður, hver hefði unnið umrætt undirbúningsverk fyrir hann, svaraði hann: „Ég gerði þetta sjálfur.“

Um frágang á tilboði stefnda var m. a. bókað eftir framkvæmdastjóranum Sigurði:

„Mætti er spurður, hvenær þeir hafi gengið frá tilboði stefnda í verkið og hverjir hafi gengið frá því. Hann telur, að það hafi verið um kvöldið eða nóttina og síðasta hönd verið lögð á tilboðið um morguninn. Hann sjálfur, Júlíus (stjórnarformaður stefnda) og Jóhann Bergþórsson (verkfræðingur) hafi gengið frá tilboðinu. Hlutverk Jóhanns hafi verið að yfirfara reikningslegu hliðina. Mætti segir aðspurður, að hann hafi afhent Jóhanni tölurnar. Hann segist sjálfur hafa ákveðið, hvaða tölur yrðu notaðar.“

Hann segist ekki hafa afhent Jóhanni tilboð stefnenda, heldur aðeins tölur Guðmundar.“

Einnig kom fram, að starfsmaður stefnda, Guðmundur Davíðsson, hefði hreinskrifað tilboðið.

Júlíus Júlíusson, stjórnarformaður og annar aðaleigandi hins stefnda félags, kvaðst hafa verið viðstaddur, er gengið var frá tilboði stefnda. Hann kvað Sigurð m. a. hafa það verkefni hjá fyrirtækinu að sjá um samninga og annað þess háttar. Hann minntist þess, að dóttir Jóns M. Bjarnasonar hefði afhent sér lokað umslag, líklega eftir hádegi, og hann lagt það óopnað inn á borð hjá Sigurði. Er hann var spurður, hvenær hann hefði séð tilboð Guðmundar fyrst, hvort hann hefði séð það, áður en aðaltilboð stefndu var sent inn, svaraði hann: „Nei, ég sá bara tölurnar, sem settar voru inn, ekki skjalið sjálf.“

Spurður um, hvort hann hafi verið búinn að sjá tilboð Jóns, áður en aðaltilboðið var sent inn, svaraði hann: „Já, það tel ég mig hafa verið.“

Jóhann Bergþórsson verkfræðingur kveðst hvorugt tilboðanna hafa séð. Sigurður hefði gefið sér upp tölurnar. Spurður um það, hvort borist hefði í tal, hverjir væru tilboðsgjafar í rafmagn, svaraði hann: „Ég man ekki eftir, að það hafi komið neitt til umræðu. Sigurður tók á móti öllum þessum tilboðum. Ég tók bara við tölum. Ég hafði nóg annað að gera í sambandi við tilboðið.“

Guðjón Davíðsson trésmíðameistari, sá er hreinritaði tilboð stefnda, kveðst ekkert geta upplýst varðandi tilboð í rafmagn, hann hefði bara hreinskrifað það, sem honum var fengið í hendur.

Samkvæmt þessu eru það einungis Sigurður Sigurjónsson og Guðmundur Bertelsson, sem eru til frásagnar um, að tilboð Guðmundar hafi legið fyrir, þegar stefndi gerði tilboð sitt.

Í framlagðri aðiljayfirlýsingu Jóns M. Bjarnasonar segir m. a.: „Þegar séð var, að tilboð Sigurðar og Júlíusar h.f. var lægst og samningur kominn á samkvæmt Í.S.T. staðli, bjóst ég fljótlega við áframhaldandi umræðum um verkið. Eftir nokkra daga hringdi Sigurður í mig og áleit tilboð mitt of hátt. Sigurður sagði hafa talað við Guðmund í Rafteiknun s.f., Reykjavík. Ég sagði Sigurði, að ég skyldi fara og bera saman tilboð mitt við útreikninga þeirra og leiðrétt það, ef ég hefði gert mistök. Hringdi ég í Guðmund í Rafteiknun og hittumst við á teiknistofu hans. Fór-um við yfir tölurnar stig af stigi og ræddum verðútreikninga. Fljótlega kom í ljós, að ég var með í tilboði mínu hluti, sem ekki áttu að vera með, en ég hafði ekki hugmynd um, eftir því sem

Guðmundur sagði mér. Annað kom fram í þessu, að Guðmundur var með allar tölur frá því í apríl það ár. Hækkun frá apríl til ágústmánaðar var um reiknað, kom þá fljótlega í ljós, að tilboð mitt var ekkert okurtilboð. Guðmundur sagði, að Sigurður hefði hringt í sig og beðið um tölur í raflögn, sem hann og gaf honum upp (sem voru ca. 5.4 milljónir), en athugaði ekki þá, að þetta hefði verið ógætni vegna verðbreytinga frá því í apríl og þeirra tækja, sem ekki áttu að vera í mínu tilboði að upphæð ca. 378.320. Í millitíðinni talaði ég við Júlíus Júlíusson um tilboð mitt og það hann að koma því í kring, að það yrði rætt, en hann gerði það ekki. Þegar Sigurður hafði rætt við Guðmund í Raftæknun, hringdi hann í mig um kvöldið og sagði, að ég gæti fengið verk-  
ið á kr. 5.000.000, hvorki meira né minna, hann upplýsti mig einnig um, að hann væri búinn að athuga þetta hjá lögfræðingi og það þýddi ekkert fyrir mig að leita réttar míns hjá lögfræðingi eða dómstólum um þetta mál, hann væri í fullum rétti. Ég sagði Sigurði, að tilboðið væri mitt og við skildum ræða það, hvenær sem hann vildi, ég vil skjóta því inn hér, að þetta var ekki fyrsta tilboð mitt hjá Sigurði og Júlíusi h.f., svo ég þekkti til, hvernig þessu skyldi fram haldið. En þetta fór öðruvísi, því þegar ég vildi ekki taka tillögu hans í gegnum símann, sagðist hann þá bara fá annan rafverktaka. Ég sagði konu minni frá þessu, því hún heyrði, hvað ég sagði við Sigurð, og ræddum við það okkar á milli. Ég tilkynnti Árna Brynjólfssyni (framkvæmdastjóra Félags löggiltra rafverktaka) um þetta, hann sagðist skyldu tala við Sigurð, þá kom það fram, að annar rafvirki var ráðinn í starfið og líka það, að hann hefði gert tilboð og ekki nóg með það, það gerðist, sem aldrei hefur gerst, að tölur hans voru eins og mínar. Þetta hefur aldrei gerst á þessu landi áður . . .

Sigurður sagðist senda Árna allt um þetta, en ég held, að þessi skjöl séu ekki komin enn, þó ég viti það ekki með vissu. Þessi huldumaður, Guðmundur Bertelsson rafverktaki, kom ekki fram á sviðið fyrr en seinna, nokkuð eftir að búið var að opna tilboðin hjá Hitaveitu Reykjavíkur, þann 5. 8. 1975 kl. 1100. Ég fór í Innkaupastofnun Reykjavíkur og það þess að fá að sjá þær tölur, sem voru hjá Sigurði og Júlíusi h.f., í raflögn, þær tölur fékk ég ekki, fyrr en ég hafði lagt fram mínar tölur.

Skrifstofustjórinn sagði, að það væri ekki um að villast, hann taldi, að þetta væru mínar tölur, rúnnað af um kr. 142.-, sem ég og vissi, því Jóhann verkfræðingur sagði mér það.“

Er framkvæmdastjóri Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík,

Árni Brynjólfsson, kom fyrir dóminn, sagði hann m. a. um kæru stefnanda til FLRR.:

„Ég var að kanna nákvæmlega það sama og þið eruð að kanna núna, frá hverjum þær tölur hefðu verið, sem aðalverktakinn notaði í tilboði sínu. Ég reyndi að fá upp hjá Guðmundi, hvaða tölur hann hefði verið með, og það um, að hann gæfi mér upp sínar tölur á sama hátt og Jón hefði gefið mér upp sínar tölur. Þetta virtist hann ekki geta gert.“

## VI.

Svo sem áður er rakið, eru þau tvö rafverktakatilboð, sem fram hafa verið lögð í málinu, nánast jafnhá að krónutölu.

Af hálfu stefnda hefur því þó verið haldið fram, að tilboð stefnenda hafi verið mun óhagstæðara en tilboð Guðmundar Bertelssonar og hafi því stefndi augljóslega valið tilboð Guðmundar fremur.

Í tilboði stefnenda sé skýrt fram tekið, að jarðvinna, raforkunotkun og heimtaugar sé ekki innifalið. Tilboðið megi einnig skilja svo, að meistaraálag, 17%, sé ekki með reiknað. Í tilboði Guðmundar sé á hinn bóginn tekið fram, að í því sé innifalið vinnuljós, tengingar við vinnuskúr, jarðvinna og „allt eins og útboðsgögn sýna, að engu undanskildu.“

Þá hefur stefndi lagt á það ríka áherslu, að stefnandi Jón M. Bjarnason hafi eigi haft rafverktakaleyfi í Reykjavík og ekki sé hann heldur skráður starfsmaður stefnanda Kristins Einarssonar. Í 7. gr. reglugerðar Rafmagnsveitu Reykjavíkur um skilyrði og skilmála til að öðlast rafverktakaleyfi á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur segi, að eitt og sama fyrirtæki geti aðeins haft einn rafverktaka í sinni þjónustu og skuli hann hafa að aðalstarfi forstöðu fyrirtækisins og eða starf við það. Í fyrirmælum Rafmagnsveitu Reykjavíkur til rafverktaka á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur segi í 9. gr., að verk, sem rafverktaki tekur að sér, skuli unnin af honum sjálfum eða starfsmönnum hans. Sé ekki að sjá, að Jón M. Bjarnason sé skráður starfsmaður Kristins Einarssonar, enda sé hann félagi í Félagi íslenskra rafverktaka. Samkvæmt þessu sé ljóst, að Jón M. Bjarnason hafi eigi getað tekið að sér ofangreint verk öðruvísi en að gerast starfsmaður og sveinn hjá Kristni.

Af þessu leiði, að stefndur hafi augljóslega ekki fullnægt skilyrðum til að verða lögmætir undirverktakar í umrætt verk. Stefndi hefði mátt eiga von á því, ef hann hefði viljað taka til-

boði þeirra, að verkkaupinn, Hitaveita Reykjavíkur, hafnaði þeim sem undirverktökum, en verktaka beri skv. 1. lið 12. gr. ÍST 30 að leita viðurkenningar verkkaupa á undirverktökum.

Þegar Árni Brynjólfsson, framkvæmdastjóri Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, kom fyrir dóminn, var m. a. bókað:

„Mætti er spurður, hvort samvinna um tilboðsgerð, slík sem milli stefnenda í máli þessu, sé venjuleg. Hann segir, að hann viti dæmi um samvinnu sem þessa. „Við höfum engar reglur, hvorki sem banna þetta né leyfa.“ Mætti segir, að þetta sé að þróast í það að verða eitt svæði. Það standi til að sameina Reykjavík og Hafnarfjörð í eitt svæði.

Mætti segist, spurður af lögmanni stefnda, hafa kynnt sér reglur um rafverktakaleyfi hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Mætti nefnir, ítarlega aðspurður, sem dæmi, er hann man eftir um samvinnu svipaða þeirri, sem verið er að lýsa í máli þessu, samvinnu Árna Rósenkjer og Hjörleifs Þórlindssonar.“

Stefnendur hafa á það bent, að Jón M. Bjarnason hafi verið undirverktaki hjá stefnda, Sigurði og Júlíusi h/f, m. a. við byggingu hjúkrunarkvinnabústaðar að Vífilsstöðum. Ekki hafi skortur Jóns á löggildingu í Reykjavík skapað nein vandkvæði í því tilviki, þótt Vífilsstaðir séu á svæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þá hafa stefnendur einnig á það bent, að Sigurður og Júlíus h/f hafi leitað eftir tilboði Jóns M. Bjarnasonar í umrætt verk og því ljóst, að forsvarsmenn félagsins hafi engar áhyggjur haft af löggildingu Jóns M. Bjarnasonar eða heimild hans til að vinna verkið. Loks hafa stefnendur á það bent, að Jón M. Bjarnason hefði hvenær sem var, fyrirstöðulaust, getað fengið löggildingu í Reykjavík með því einu að setja þar upp verkstæði, búseta sé þar ekki skilyrði.

## VII.

Aðiljar máls þessa hafa starfað á því sviði, sem staðallinn ÍST 30 tekur til, og verður að ganga út frá því, að þeir hafi þekkt til ákvæða hans. Ber því að leggja hann til grundvallar í lögskiptum þeim, sem mál þetta fjallar um, enda virðist ekki vera um það ágreiningur.

Telja verður sannað í málinu, að stefndi hafi notað tilboðsfjárhæð stefnenda í raflögn og fjarskiptalögn sem einn þátt í heildartilboði sínu til Innkaupastofnunar Reykjavíkur. Þau gögn, sem renna stöðum undir þetta, eru einkum þessi:

a. Sömu tölur er að finna í tilboði stefnenda og tilboði stefnda

að öðru leyti en því, að fjárhæðir í tilboði stefnda eru færðar í heilum þúsundum. Við athugun á tilboði stefnda sést, að flestar tölur standa þar á heilu þúsundi, nokkrar á hundraði, en engar á stökum krónum. Er því fullkomið tölulegt samræmi í tilboðunum.

b. Í tilboði stefnenda er að finna sundurliðun, sem ekki er að finna í tilboði Guðmundar Bertelssonar. Engin slík sundurliðun var í tilboði hans.

c. Guðmundur Bertelsson ræddi fyrst við framkvæmdastjóra stefnda og fékk útboðsgögn mánudag 4. ágúst, sem var frídagur verslunarmanna. Stefndi skilaði tilboði sínu eigi síðar en kl. 1100 morguninn eftir. Guðmundur hefur þarna haft ærið þröngt svigrúm til tilboðsgerðar, en hann hefur viðurkennt að hafa einn reiknað út tilboð sitt og ekki haft undir höndum áætlun ákvæðisvinnunefndar vegna verksins. Guðmundur kveðst hafa sundurliðað tilboð sitt. Engar slíkar sundurliðanir hafa þó verið lagðar fram í málinu.

d. Stefndi hefur látið undan fallast, þrátt fyrir áskoranir, að upplýsa, hvaða fjárhæðir Guðmundur Bertelsson fékk greiddar fyrir umrætt verk.

Af framansögðu leiðir, að bindandi samningur komst á milli aðilja máls þessa samkvæmt 11.3. gr. fyrrgreinds staðals um rafverkbáttinn. Að vísu liggur ekki fyrir, að vekkaupi (Innkaupastofnun Reykjavíkur f. h. Hitaveitu Reykjavíkur) hafi samþykkt undirverktakann (stefnendur), svo sem áskilið er í tilvitnaðri grein. Það skiptir þó ekki máli hér, því að stefndi leitaði ekki eftir slíku samþykki, og auk þess liggur ekkert fyrir um það, að verkkaupi hefði hafnað stefnanda sem undirverktaka, ef á það hefði reynt.

Er stefndi samdi við Guðmund Bertelsson og lét hann framkvæma umræddan verkþátt, rauf hann samning sinn við stefnendur. Er hann því bótaskyldur af þeim sökum samkvæmt almennum kröfuréttarreglum.

Eins og rakið er í VI, telur stefndi, að stefnandi Jón M. Bjarnason hafi eigi haft rafverktakaleyfi í Reykjavík og ekki heldur verið skráður starfsmaður stefnanda Kristins Einarssonar. Umrædd reglugerð, sem stefndi vitnar í máli sínu til stuðnings, er sett til verndar opinberum hagsmunum. Verður ekki talið, að stefndi geti byggt á henni rétt sér til handa, svo að stoði sem vörn í máli þessu.

Ætla verður, að stefnendur hafi orðið fyrir tjóni vegna samningsrofa stefnda.

Við ákvörðun bóta þykir rétt að hafa nokkra hliðsjón af vara-kröfu stefnenda í málinu, en hún hefur verið sundurliðuð svo:

1. Vinna	kr. 2.348.466.	— 17%	.....	kr. 399.239.
2. Efni	— 1.383.062.	— 25%	.....	— 345.765.
3. Efni	— 2.007.614.	— 10%	.....	— 200.761.
	<hr/>			<hr/>
	Kr. 5.739.142.		.....	Kr. 945.765.
4. Tæki	— 378.320.		.....	— 37.832.
	<hr/>			<hr/>
	Kr. 6.117.462.			Kr. 983.597.

Til viðbótar framangreindri fjárhæð kr. 6.117.462 kveður stefnandi tilboð sitt hafa innihaldið endurskoðunargjald, kr. 72.720, kostnað við útböðsgerð, kr. 42.000, en þessi gjöld verði undirverk-taki að greiða, og loks kostnað við akstur fæðisstarfsmanna og ófyrirséð, kr. 298.960, eða samtals kr.. 6.531.142.

Fallast má á það með stefnendum, að þeir eigi rétt á bótum vegna tapaðs hagnaðar af efnissölu, samtals kr. 546.526. Enn fremur verður að telja, að stefnendur hafi beðið nokkurt tjón vegna tapaðrar álagningar á vinnu, og þykir tjón af þeim sökum eftir atvikum hæfilega ákveðið kr. 200.000, og er þá einnig hafð-ur í huga sá kostnaður, er stefnendur höfðu af gerð tilboðs síns.

Þer samkvæmt þessu að taka kröfu stefnenda til greina með kr. 746.526 ásamt vöxtum, eins og krafist er, og málskostnaði, er telst hæfilega ákveðinn kr. 170.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum Ragnari Ingimarssyni prófessor og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

#### Dómsorð:

Stefndi, Sigurður og Júlíus h/f, greiði stefnendum, Kristni Einarssyni og Jóni M. Bjarnasyni, kr. 746.526 með 13% árs-vöxtum frá 1. október 1975 til greiðsludags og kr. 170.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.